

VORTÓNAR.

Saga eftir

MAXIM GORKY.

Í gaðinum fyrir framan gluggan mínn hoppa spörvarnir í llaðlausum greinum akasiu-trjánum og tala hver í kapp við annan; á þakburst nágrannahússins situr höfðinglegur hrafn og hlustar á tal þeirra, við og við hristir hann höfuðið ofur spekingslega. Loftið hlýtt og þrungið af sólarljósini ber hvert hljóð inn í herbergið til míni, og eg heyri á lengdar niðinn í lækjunum, sem eru bakkafullir í leysingunni; eg heyri skrifáfið í greinunum og skil kvak dýfnanna, sem sitja í glugganum, og vorið fyllir sál mína með yndisfögrum söng.

“Tsjíri tsjírik,” segir gamall spörr við félaga sínn, “sjáum við þó ekki vorið enn þá einu sínni? tsjíri tsjírik.”

“Sannleikur, sannleikur,” sagði hrafninn.

Eg þekki hann vel, þenna látlæusa fugl. Það, sem hann segir, er æfinlega stutt og ákveðið. Að náttúrufari er hann heimskur og þar að auki huglaus, eins og flestir hrafnar eru. Í fuglalífini stendur hann framarlega og stofnar á hverjum vetrí til velgerðaveízlur fyrir gamilar og farlama dýfur — og spörinn þekki eg líka vel. Þó hann sé að ytri ásýndlum léttlyndur og greiðvikinn, hugsar hann samt í rauninni mjög vel um sínn hag. Eftir útliti að dæma er hann fulltr af undirgefni þar sem hann hoppar í kring um hrafninn, en undir niðri kann hann vel að meta hann, og gerir sér heldur enga samvísku af því að segja sitt af hverju napurt og ótuktarlegt um hann, þegar tækifærí býðst.

Í glugganum er umgur og spjátrungslegur dýfukarri að sannfæra dálitla dýfu um, að hann hljóti að deyja af harmi, ef hún elski sig ekki.

“Hafið þér heyrt, herra hrafn, að spóarnir eru komnir?” segir spörinn.

“Sannleikur — sannleikur.”